

## 138. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 28. mars 2011, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson, Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Bókhlöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.  
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur, leyfi til að rífa húsið við Bókhlöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 28.01.2011.  
Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Bókhlöðustíg nr. 5, 8, 9 , 10 og fyrir Skólastíg 14 (fyrir eigendum íbúða vestan megin í húsinu) og Silfurgötu nr. 15 efstu hæð. Athugasemdir bárust frá Ingibjörgu Þorvaldsdóttur Bókhlöðustíg nr. 9, dags. 16.03.2011 og Halldóru Þorsteinsdóttur Bókhlöðustíg 8, dags. 20.03.2011.  
Farið var yfir athugasemdir. Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
2. Bókhlöðustígur 1, breytingar á bílskúr.  
Páll Gíslason sækir um að breyta hurðum og gluggum og klæða bílskúr með bárujárni samkvæmt teikningum dags. 20.03.2011.  
Erindi samþykkt.
3. Laufásvegur 14, útlitsbreytingar.  
Bryndís Eva Jakobsdóttir og Unnar V. Gunnarsson sækja um að setja svalahurð í stað glugga á suðurhlið hússins og loka svalahurð sem fyrir er sbr. bréf dags. 27.03.2011. Samþykki meðeigenda liggur fyrir.  
Erindi samþykkt.
4. „Pylsuvagn“ , stöðuleyfi.  
Róbert Árni Jörgensen sækir um f.h. Ergosspa, um endurnýjun á stöðuleyfi fyrir pylsuvagn, staðsettan á bílplani við Kvenfélagsgarðinn, og einnig við gömlu kirkjunu í sérstökum tilfellum, sbr. tölvupóst dags. 22.03.2011.  
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á vagninum við Kvenfélagsgarðinn til 15. september n.k. Eftir þann tíma skal hann fjarlægður. Lögð skal áhersla á góða umgengni á svæðinu í kringum vagninn. Sækja þarf um aðra staðsetningu í hverju tilviki fyrir sig.

Fundi slitið kl. 21:45.

B.V.